

3. fundur atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn á Flúðum, að Smiðjustíg 6, 24. september 2018 kl. 20:00

Fundarboð:

Á fundinn mættu: Sigurjón Snær Jónsson, Rúnar Guðjónsson, Hulda Hrönn Stefánsdóttir og Arna Þöll Sigmundsdóttir.

Sigurjón setur fundinn og segist taka að sér ritun fundar.

1. Fundur um gerð umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Suðurland. Haldinn 5. september á Hótel Flúðum.

Arna Þöll fór fyrir hönd nefndarinnar á fund SASS. Hún lét okkur hin hafa punkta af fundinum. Þessi fundur var til að kynna verkefnið. Einnig var fundurinn að hluta til vinnufundur til þess að koma með hugmyndir að því sem þurfi að felast í stefnunni og átta sig á hvaða mikilvægu málefni stæðu þar hæst. Bæði almennt fyrir Suðurland og svo hér innan sveitar. Nokkrir punktar frá Örnun eftir vinnuhluta fundarins voru þeir sömu og atvinnu- ferða- og menningarnefnd ræddi á 2. fundi hennar.

Gefin reynsla eftir sumarið 2018 er sú að umferð ferðamanna og gæsaskyttna er að aukast mikið á milli ára inn á Hrunamannaafreitt. Alla leið inn í Leppistungur og Kerlingarfjöll. Vegurinn á milli Svínárness og Leppistungna er ekki skýr á köflum og ferðamenn voru fljótir að troða nýjar slóðir. Grunur liggur á að gæsaskyttur eigi það svo til að skilja hlið eftir opin. Merkingar þyrftu að vera betri inni á afreitt, bæði á vegum/slóðum og við hlið. Umferð Hrunamegin hefur einnig aukist gríðarlega að Gullfossi. Þar þyrfti mögulega að bregðast við í tíma og athuga hvort ágangur á náttúru eða hætta á slysum sé eitthvað sem hægt sé að koma í veg fyrir.

Sorpmál. Nefndarmenn kannast allir við það að það megi flokka sorp meira í Hrunamannahreppi. Það virðist vera sem öll sveitarfélög á landinu séu hvert í sínu horni með sínar aðferðir við flokkun sorps. Sum staðar er hægt að setja plast og pappír í bláu tunnurnar, annars staðar ekki. Skeiða- og Gnúpverjahreppur setur t.d. rör niður í jörðina við alla bæi sem lífræni úrgangurinn fer í. Er það eitthvað sem hægt er að skoða hér í sveit? Plast er gríðarstór hluti af sorpi í dag. Er hægt að koma því í eitthvað ferli að flokka það frá?

Punktar frá fundinum á hótelinu fylgja þessari fundargerð sem viðhengi 1.

2. Verslunarmannahelgin – 2018 og 2019

Rúnar var starfsmaður tjaldsvæðisins á Flúðum í sumar og fór á yfirferðarfund helgarinnar 2018 bæði fyrir hönd tjaldsvæðisins og nefndarinnar. Heilt yfir gekk þessi hátíð miklu betur en fyrri ár og sérstaklega en árið 2017. Lögreglan kann að meta þessa þróun í hátíðarhöldunum. Bessi (viðburðarhaldari) sagði að með þessari nýju nálgun að hafa þetta sem fjölskylduhátíð eru nokkur atriði sem þyrfti að aðlaga að því og þá sérstaklega böllin. Fjöldi þeirra og umfang. Núna á þessum fundi nefndarinnar kom upp sú þæling hvort að reiðhöllin gæti verið möguleiki fyrir ball. Bessi hefur áhuga á að halda þessu áfram hér í sveit. Nefndin er sammála um að það væri ráð að hittast jafnvel strax í janúar eða febrúar 2019 með Bessa og byrja þá að stilla þessu upp. Einnig var rætt á fundinum að reyna kannski að nýta félagsheimilið meira yfir daginn fyrir kaffihús eða einhverja sölu. Reiðhöllin gæti þá kannski nýst í markað eða annað.

3. Upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn

Nefndin skoðaði síðuna <http://jsisland.is/> Þetta er skemmtilegur kostur þegar kemur að upplýsingaflæði fyrir ferðafólk. Nefndin ætlar að kynna sér þetta betur og reyna að kynna sér fleiri álíka möguleika. Efni verður að vera aðgengilegt á internetinu og hægt væri að setja upp lén út frá síðu hreppsins. Mögulega er hægt að hafa efnið á nokkrum tungumálum. Auglýsa þyrfti lénið bara þar sem fólk myndi sjá það, á upplýsingarskiltum, í verslunum og jafnvel á fleiri stöðum.

4. Flugvallarvegur 1

Nefndinni líst vel á að setja upp einhvers konar sögusýningu í komandi húsnæði við Flugvallarvegþ. Það er mikilvægt að vandað sé til verka þar og að innihald hennar sé fróðlegt og aðlaðandi fyrir ferðafólk. Sagan af Fjalla-Eyvindi, saga Hrunamannahrepps og svo er talið gott að vera með sögur af álfum og huldufólki. Framsetning skiptir miklu máli og er talið nauðsynlegt að fá utan að komandi aðstoð við hönnun á slíku.

5. Fyrirspurnir frá 2. fundi nefndarinnar

Nefndin sendi nokkrar spurningar á sveitarstjóra og oddvita eftir síðasta fund vegna málefna ferðamanna. Nefndin ætlar að kynna sér lögreglusamþykkt betur. Nefndin stefnir einnig á að funda næst með Ásborgu Arnþórsdóttur til þess að fara yfir þessi mál betur. Nefndin telur gott að leita til hennar að upplýsingum um ferðabjónustu og einnig að auka tengslin við hana persónulega.

Fleira var ekki rætt og Sigurjón slítur svo fundi um 21:46.

Viðhengi 1.

**Fundur um gerð umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Suðurland.
5. september 2018 á Hótel Flúðum kl 16:00 – 18:00.**

Nú er unnið að gerð Umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Suðurland, sem er stjórnþæki um nýtingu og verndun auðlinda svæðisins.

Tilgangur hennar er að tryggja heilbrigð vistkerfi og að ekki verði farið fram úr þolmörkum Suðurlands.

Það má nálgast mótun umhverfis- og auðlindastefnu á fjölbreyttan máta. Slík stefna snýst um samþættingu nýtingar og verndar og segir til um hvernig stefnt er að háttá nýtingu auðlinda þannig að vistkerfi haldist heilbrigð og sem minnst neikvæð áhrif verði á umhverfi og samfélag.

Stefnan er unnin sem áhersluverkefni SASS með vísan í [sóknaráætlun Suðurlands](#) og er liður í framvindu megin áhersluatriða áætlunarinnar, sem eru:

- Auka samvinnu á milli sveitarfélaga í sem flestum málefnum.
- Vinna að heildrænni kortlagninu á náttúru, mannauði og menningu á Suðurlandi og draga fram sérstöðu einstakra svæða.
- Skapa jákvæða ímynd af Suðurlandi sem byggir á gæðum og hreinleika.
- Vinna að umhverfisvakningu með sjálfbærni að leiðarljósi og auka sjálfbæra nýtingu á orku og auðlindum.
- Hækka menntunarstig á Suðurlandi með eflingu framboðs og aðgengis að menntun í heimabyggð.
- Auka fjölbreytni í atvinnulífi, mannlífi, menningu og menntun.

Mikil vinna hefur staðið yfir í stefnumótun fyrir ferðaþjónustuna í landshlutanum m.a. með DMP og þess vegna ákveðið að einblína á aðrar auðlindir í þessu ferli með áherslu á verndun og nýtingu og sem stjórnþæki fyrir sveitarfélög á Suðurlandi og fyrir SASS.

Markmið vinnunnar er að sveitarfélög á Suðurlandi hafi sameignlega sýn og stefnu í umhverfis- og auðlindamálum sem nýtist þeim sem stjórnþæki. Stefna sem sveitarfélögin geta tekið upp í aðalskipulögum sínum og/eða sem svæðisskipulag fyrir allan landshlutann eða hluta hans. Mögulega mun stefna í ferðaþjónustu geta runnið saman með þessari á síðari stigum.

Heimasíða verkefnisins: <https://altavefur.wixsite.com/sass>